

Ed.

80. Breytingartillögur

[15. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951 um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Páli Zóphóníassyni.

- I. Framan við 1. tölul. 1. gr. bætast nýir liðir, svo hljóðandi:
1. Í stað orðanna „að Suðurlandsvegi nálægt Hveragerði“ í A. 11 kemur: á Suðurlandsveg nálægt Hveragerði.
  2. Í stað orðanna „Vatnsleysu til Geysis“ í A. 14 kemur: Vatnsleysu, hjá Geysi og til Gullfoss.
  3. Í stað orðanna „sunnan Laxár“ í A. 26 kemur: hjá Sandlæk.
  4. Í stað orðanna „að Háabæ í Þykkvabæ“ í A. 38 kemur: um Miðkot að Unhól í Þykkvabæ.
  5. Í stað orðanna „að Múlakoti“ í A. 45 kemur: að Barkarstöðum.
  6. Síðari málsl. A. 58 orðist svo: Með Þverálnum undan Bjarnarnesi yfir Hornafjarðarfljót ytra á Inn-Nesja- og Mýraveg í Holtum.
  7. Á eftir B. 2 kemur nýr liður, svo hljóðandi:  
*Gufunesvegur:* Af Vesturlandsvegi nálægt Grafarholti að Gufunesi.
  8. Í stað orðanna „Svinadal, vestan Skorradalsvatns . . . . . hjá Hvítárvöllum.“ í B. 8 kemur: Svinadal, Geldingadruga, niður Skorradal vestan Skorradalsvatns, um Hestháls, niður Andakil á Vesturlandsveg hjá Hvítárvöllum.
  9. Í stað orðanna „að Vatnshorni“ í A. 9 kemur: um Vatnshorn, að Haga, á Dragháls- og Skorradalsveg hjá Drageyri.
  10. B. 15 (Hvalfjarðarferjuvegur) fellur niður.
  11. B. 18 orðast svo:  
*Lundarvegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá Fossatúni um Skálpastaði, Lund, Oddsstaði og yfir Grímsárbrú á Lundarreykjadalssveg hjá Brautar-tungu.

12. B. 19 orðast svo:  
*Bæjarsveitarvegur:* Af Dragháls- og Skorradalsvegi nálægt Hesti, um Bæjarsveit — með álmu að Hvítárþakka — hjá Litla-Kroppi, yfir brú á Reykjadalssá hjá Kleppjárnsreykjum og á Borgarfjarðarbraut. Frá veginum liggur álma að flugvellinum á Kálfanesmelum og yfir brú á Reykjadalssá að Kletti.
13. Í stað orðanna „á Borgarfjarðarbraut nálægt Reykholti“ í B. 21 kemur: fram Hálsasveit og á Borgarfjarðarbraut fyrir utan Húsafell.
14. Í stað orðanna „með álmu yfir væntanlega brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum og á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási“ í B. 29 kemur: með álmu yfir brú á Hvítá, við Barnafoss og á Borgarfjarðarbraut.
15. Í stað orðanna „Heydal að Bilduhóli á Skógarströnd“ í B. 33 kemur: Heydal á Skógarstrandarveg nálægt Bilduhóli.
- II. Á eftir tölul. 3 kemur nýr liður, svo hljóðandi:  
 B. 63 orðast svo:  
*Barðastrandarvegur:* Af Vestfjarðavegi í Þorskafirði um Gufudalsveit, Múlasveit, Þingmannaheiði, Barðaströnd, Kleifaheiði til Geirseyrar við Patreksfjörð.
- III. Á eftir tölul. 4 kemur nýr liður, svo hljóðandi:  
 Í stað „Gufudalsvegi“ í B. 64 kemur: Barðastrandarvegi.
- IV. Á eftir tölul. 5 koma nýir liðir, svo hljóðandi:  
 1. Í stað „Bjarnarfjarðarvegi“ í B. 67 kemur: Reykjarfjarðarvegi í Bjarnarfirði.  
 2. Í stað orðanna „að Árnesi“ í B. 68 kemur: um Árnes að Eyri við Ingólfsfjörð, með álmu frá Árnesi að Gjögri við Reykjarfjörð.  
 3. B. 69 fellur niður.  
 4. Í stað „Mýri“ í B. 72 kemur: Sandeyri.  
 5. B. 80 orðast svo:  
*Vestfjarðavegur:* Frá Ísafirði um Breiðdalsheiði, inn fyrir Önundarfjörð um Gemlufallsheiði, inn fyrir Dýrafjörð, um Þingeyri, Brekkudal, Rafnseyrarheiði, inn fyrir Borgarfjörð og Dynjandavog, um Mosdal og á Barðastrandarveg nálægt Hellu í Vatnsdal.  
 6. Í stað „Ísafjarðarvegi“ í B. 81 kemur: Vestfjarðavegi.  
 7. Í stað „Ísafjarðarvegi“ í B. 83 kemur: Vestfjarðavegi.  
 8. Í stað „Ísafjarðarvegi“ í B. 84 kemur: Vestfjarðavegi.  
 9. B. 86 orðast svo:  
*Ingjaldssandsvegur:* Af Vestfjarðavegi hjá Gemlufalli um Mýrar, Núp, Sandsheiði að Sæbóli á Ingjaldssandi.
10. B. 87 fellur niður.  
 11. B. 88 fellur niður.  
 12. B. 89 fellur niður.
- V. Á eftir tölul. 6 koma nýir tölul. svo hljóðandi:  
 1. Aftan við B. 91 bætist: með álmu að ferjustað við Arnarfjörð.  
 2. Í stað orðanna „að Reykjarfirði“ í B. 94 kemur: um Reykjarfjörð og á Vestfjarðaveg.
- VI. Á eftir tölul. 8 kemur nýr liður, svo hljóðandi:  
 B. 96 fellur niður.
- VII. Á eftir tölul. 9 kemur nýr liður, svo hljóðandi:  
 Í stað „Lambavatni“ í B. 97 kemur: Naustabrekku.
- VIII. Á eftir tölul. 11 koma nýir liðir, svo hljóðandi:  
 1. Í stað orðanna „að Norðurlandsvegi“ í C. 12 kemur: á Norðurlandsveg.  
 2. Í stað „Húnvetningabraut“ í C. 14 kemur: Norðurlandsvegi.

3. C. 16 orðast svo:  
*Svínadalsvegur*: Af Reykjabraut við norðurenda Svínavatns, vestan Svínavatns um Auðkúlu á Svínvetningabraut, innan við innri enda Svínavatns.
4. Í stað orðanna „að sýslumörkum“ í C. 18 kemur: á Skagaveg á sýslumörkum.
5. Í stað orðanna „að sýslumörkum“ í C. 20 kemur: á Skagastrandarveg á sýslumörkum.
6. Í stað orðanna „að Ríp“ í C. 27 kemur: um Ríp að Eyhildarholti.
7. Í stað „Ólafsfjarðar“ í C. 31 kemur: Ólafsfjarðarkaupstaðar.
8. C. 34 orðast svo:  
*Dalvíkurvegur og Ólafsfjarðarvegur*: Af Norðurlandsvegi á Moldhaugahálsi, um Arnarneshrepp, Árskógsströnd, yfir brú á Svarfaðardalsá hjá Árgerði, um Dalvík, Upsaströnd og Ólafsfjarðarmúla til Ólafsfjarðarkaupstaðar.
9. Orðin „innst á Vaðlaheiði“ í C. 44 falla niður.
10. Á eftir orðunum „Af Fnjóskadalsvegi“ í C. 47 bætist: eystri.
11. Í stað „Vaðlaheiðarvegi“ í C. 48 kemur: Norðurlandsvegi.
12. Í stað orðanna „yfir væntanlega brú hjá Stóru-Völlum“ í C. 53 kemur: að Mýri, með þverálmum hjá Stóru-Völlum yfir væntanlega brú á Skjálfafljóti á Bárðardalsveg eystri nálægt Sandvík.
13. Í stað orðanna „að vegamótum Kópaskers- og Hólsfjallavega“ í C. 55 kemur: og á Kópaskers- og Raufarhafnarveg.
14. Í stað orðanna „að vegamótum Tjörnesvegar hjá Lóni í Kelduhverfi“ í C. 57 kemur: og á Þingeyjarsýslubraut hjá Lóni í Kelduhverfi.
15. C. 59 orðast svo:  
*Kópaskers- og Raufarhafnarvegur*: Af Norðurlandsvegi skammt frá Grímsstöðum, um Hólssand skammt frá Dettifossi, Axarfjörð, Kópasker, Raufarhöfn og á Axarfjarðarheiðarveg nálægt Svalbarði.
16. C. 61 fellur niður.
17. Orðin „yfir Möðrudalsheiði“ í D. 4 falla niður.
18. Í stað orðanna „hjá Bóndastöðum“ í D. 9 kemur: nálægt Ásgrímsstöðum.
19. Í stað orðanna „og á Fljótsdalsveg . . . . Valþjófsstað“ í D. 11 kemur: og Fljótsdal að Kleif með álmum yfir brú á Jökulsá á Skóga- og Fljótsdalsveg utan við Viðivelli ytri.
20. D. 14 orðast svo:  
*Seyðisfjarðarvegur syðri*: Frá Seyðisfirði um Þórarinsstaði að Skálanesi.
21. Í stað orðanna: „Heyskálum . . . . . í Borgarfirði“ í D. 16 kemur: Heyskálum, yfir Vatnsskarð, um Njarðvík, Bakkagerði, inn Borgarfjörð, Húsavíkurheiði, Húsavík, Nesháls, Stakkahlíð, Brimnesmúla á Seyðisfjarðarveg nyrðri hjá Brimnesi.
22. Í stað orðanna „yfir væntanlegar . . . . . Valþjófsstað“ í D. 23 kemur: að Sturluflöt.